

Áfangalýsing

Titill	Iðnteikning háriðna 2
Námsgrein	Iðnteikning
Viðfangsefni	
Skammstöfun	ITEI2GB05
Staða	
Þrep	2
Einingafjöldi	5
Tillaga að bókstöfum eða tölustöfum skóla	ITEI2GB05
Lýsing	Í áfanganum tengja nemendur saman listræna sköpun og vinnslu verkefna með stafrænum hætti. Unnið verður með mismunandi netmiðla og kynntir möguleikar til hönnunar og hugmyndavinnu með markaðsetningu og kynningarefni eigin vöru, fyrirtækis og þjónustu í huga. Lögð er áhersla á að nemendur nýti sér netmiðla í hönnunarferlinu frá hugmyndavinnu, þróunar vöru og til endalegrar afurðar. Nemendur vinna að uppsetningu og framsetningu efnis sem verður kynnt í lokaverkefni áfangans.
Forkröfur	ITEI1HG05
Þekkingarviðmið	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • skapandi hugsun við vinnslu verkefna. • aðferðafræði hönnunar í hugmyndavinnu. • undirstöðuatriðum leitar- og upplýsingartækni. • hvaða net- og samfélagsmiðlar henti mismunandi verkefnum. • hvernig hægt er að þróa hugmyndir og vinnu með stafrænum hætti. • mikilvægi hönnunar og sköpunar í framsetningu efnis á Netinu. • markaðssetningu vöru, fyrirtækis og þjónustu.
Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • vinna með aðferðafræði hönnunar að þróun hugmynda. • tileinka sér víðsýni og frumleika í hugsun. • vinna með mismunandi netmiðla. • nýta leitar- og upplýsingartækni við hæfi til framsetningar efnis. • vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra að þróun hugmynda. • setja fram og rökstyðja hugmyndir sínar á skýran og persónulegan hátt. • geti nýtt sér tækni og búnað sem hentar eigin verkefnum. • koma vöru, fyrirtæki og þjónustu á framfæri.
Hæfniviðmið	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • nýta sér aðferðir hugmyndavinnu og sköpunar við þróun verkefna. • safna gögnum og efni til að setja fram á viðeigandi máta. • velja framsetningu efnis við hæfi og geta skipulagt eigin vinnu. • geti unnið sjálfstætt, sett sér markmið og valið aðferðir við hæfi. • geta komið hugmyndum sínum á framfæri með skýrum hætti. • kynna hugmyndir sínar og fjalla um þær á gagnrýninn hátt.

	• taka þátt í uppbyggilegri og frjórri samræðu um verk sín og annarra. • komið upplýsingum um eigin vöru, fyrirtæki og þjónustu á Netið.
Námsmat	Símat
Útgáfunúmer	
Skólar	
Fyrirmynd	